

Svona er íslenskur landbúnaður

2013



1

Í hverju felst landbúnaðarstefna Íslands?



Með íslenskri landbúnaðarstefnu er tryggt að lagðar verða áherslur sem henta Íslendingum á hverjum tíma.

Núverandi landbúnaðarstefna á Íslandi kemur fram í búvörulögum og þeim samningum sem bændur og ríkið gera sín á milli. Allir búvörusamningar sem gerðir hafa verið miða að því að hér séu framleiddar búvörur til innanlandsneyslu að því leyti sem fellur að íslenskum aðstæðum. Markmið samninganna eru að landbúnaðurinn sé styrk stöð atvinnu í dreifbýli, kjör bænda séu í samræmi við kjör annarra stétta og stuðli að aukinni hagkvæmni og framförum, neytendum og bændum til heilla. Forystumenn bænda og Bændasamtökin hafa alltaf tekið virkan þátt í að móta landbúnaðarstefnuna ásamt stjórnvöldum.

Stuðningur við íslenskan landbúnað byggir annars vegar á greiðslum úr ríkissjóði og hins vegar tollvernd.

Íslenskir bændur framleiða fjölbreyttar búvörur sem eru þekktar fyrir gæði og ferskleika. Metnaður bænda stendur til þess að sjá þjóðinni fyrir sem mestu af þeim matvælum sem hún þarfnast og hægt er að framleiða innanlands. Landbúnaður er samofinn atvinnulífi víðast á landsbyggðinni og bændur eru þátttakendur í nýsköpun í atvinnulífi, uppgræðslu lands, skógrækt og svo má áfram telja.

2

Fjöldi lögbýla og bænda

4.200 lögbýli

Um 4.200 lögbýli eru í ábúð á Íslandi. Um 3.200 bú framleiða búvörur af ýmsu tagi, svo sem mjólk, kjöt, garðyrkjuafurðir, egg og fleira. Auk þessa eru bændur sem stunda ferðaþjónustu, skógrækt og landgræðslu, hlunnindanýtingu eða sinna annarri vinnu utan bú.

4.800 manns

Árið 2012 voru 4.800 manns starfandi í landbúnaði á landinu, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, sem er 2,9% fólks á vinnumarkaði.

11.000 störf

Um 11 þúsund störf tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti, meðal annars á bújörðum, í kjötafurðastöðvum, mjólkurvinnslum, hjá þjónustufyrirtækjum og víðar. Starfsfólki í landbúnaði og afleiddum greinum hefur fjölgað síðustu ár.

Fylgist með landbúnaðinum í Bændablaðinu

Bændablaðið er málgagn bænda og dreifbýlis. Þar eru fjölbreytt efnistöð um það sem er efst á baugi í landbúnaðinum hverju sinni. Blaðið er prentað í stóru upplagi og dreift ókeypis víða um land. Áhugasamir geta fengið Bændablaðið sent til sín gegn vægu áskriftargjaldi. Vefsíða blaðsins er www.bbl.is

3

Verðmæti landbúnaðarframleiðslu

Skipting verðmæta bívöruframleiðslunnar árið 2010,
beingreiðslur meðtaldar.

	Upphæð, kr.	Hlutfall
Mjólk, mjólkurafurðir og beingreiðslur	13.426.094.712	39,6%
Nautgripaafurðir aðrar (þ.m.t. sala lífdýra)	1.828.392.289	5,4%
Sauðfjár- og geitaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	7.536.350.565	22,2%
Hrossaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	1.238.818.782	3,7%
Svínaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	1.792.418.222	5,3%
Alifuglaafurðir, þó ekki egg (þ.m.t. sala líffugla)	1.612.234.432	4,8%
Egg	1.047.524.155	3,1%
Kartöflur	576.737.664	1,7%
Gulrófur	85.410.245	0,3%
Annað grænmeti	2.337.114.204	6,9%
Blóm	451.067.325	1,3%
Garð- og skógarplöntur	264.779.401	0,8%
Grávara (þ.m.t. sala lífdýra)	1.134.701.934	3,3%
Æðardúnn	269.914.000	0,8%
Skógarafurðir	58.901.869	0,2%
Heysala og aðrar tekjur gjaldskyldar til búnaðargjalds	259.842.706	0,8%
	33.920.302.505	100%



4

Ríkisútgjöld til landbúnaðar

Útgjöld til landbúnaðar hafa farið lækkanði síðustu áratugi. Þau eru samsett úr beingreiðslum til bænda og framlögum til landgræðslu, skógræktar, Matvælastofnunar, ráðgjafar- og kynbótastarfs, nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytis o.fl.



Heildarútgjöld hins opinbera til landbúnaðar voru
16 milljarðar króna árið 2011.
Það eru **2,12%** af útgjöldum ríkisins.

Framlög til nautgriparæktar (mjólkur- og kjötframleiðsla) voru 5,8 milljarðar króna, til sauðfjárræktar 4,3 milljarðar króna og til garðyrkjunnar 483 milljónir króna.

5

Verðmæti útfluttra búvara og þjónustu

Hluti af búvöruframleiðslu íslenskra bænda er fluttur á erlenda markaði.

Árið 2011 voru tekjur af útflutningi búvara og sölu á gistingu og þjónustu við erlenda ferðamenn í sveitum

8,3 milljarðar króna.

6

Innflutningur á búvörum

Töluvert er flutt inn af búvörum til Íslands. Alþjóðlegir samningar kveða á um ákveðið magn án tolla.

Árið 2012 voru flutt inn til landsins:

1.111 tonn

af erlendu kjöti

64 tonn

af jógúrt

163 tonn

af ostum


10 tonn

af mjólkurdufti

7

Skipting kjötmarkaðarins

Íslenskur kjötmarkaður hefur breyst mikið síðustu áratugi. Bændur hafa lagað sig að breyttum neysluvenjum kaupenda og nú er svo komið að alifuglakjöt er mest selda kjöttegundin. Heildarsala á innlendu kjöti árið 2012 var 24.910 tonn.



8

Matvælaverð og útgjöld heimilanna

Frá árinu 2008 hefur vísitala neysluverðs hækkað um **45,5%**.



Verðhækkningar á ýmsum nauðsynjavörum frá janúar 2008 til mars 2013.

Heimild: Hagstofa Íslands

Matur hefur hækkað um 56,9% frá ársbyrjun 2008. Innfluttar matvörur og vörur úr innfluttum hráefnum hafa þar hækkað langt umfram aðrar vörur. Sem dæmi hafa brauð og kornvörur hækkað um 73,7%, sykur, súkkulaði og sælgæti um 54,3% og ávextir um 90,9%.

Frá árinu 2008 hefur kjöt aðeins hækkað um 30%. Alifuglakjöt hefur hækkað um 33% og svínakjöt um 15%.

Hvar er hægt að spara?

Fatnaður, skór, húsgögn og heimilisbúnaður og raftæki hafa hækkað um 67-75% frá janúar 2008 til mars 2013. Árleg útgjöld heimilanna til þessara fjögurra vörflokka voru samkvæmt vísitölu neysluverðs um 670 þúsund krónur í mars 2012 eða nálægt 700 þús. krónur á verðlagi í mars 2013. Ef verslunin gæti lækkað verð á þessum vörum um 5% myndi það færa heimilinum í landinu 35.000 krónur í vasann, eða sem svarar öllum útgjöldum þeirra til kaupa á alifuglakjöti í eitt ár.

9


Matarverð á Íslandi er lægra en á öðrum Norðurlöndum

Á Norðurlöndunum er hvað hagkvæmast að kaupa í matinn á Íslandi og í Finnlandi. Maturinn er dýrari í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þetta kemur fram í nýlegri tölfræðiárbók Norrænu ráðherranefndarinnar.

Það er mikilvægt að framleiða kjöt, mjólk, grænmeti og fleiri matvörur á Íslandi. Þannig spörum við gjaldeyri sem hægt er að nota í annað en matarinnkaup.

Innlend matvælaframleiðsla hefur haldið aftur af verðhækkunum á matarkörfunni undanfarin ár því að innfluttar matvörur hafa hækkað í verði umfram íslenskar.

Verðlag á Norðurlöndunum árið 2011



10 Íslendingar verja 13% útgjalda í matvörur

Hlutfall útgjalda til matvörukaupa samkvæmt nýjustu tölum Eurostat á árinu 2013 sýnir að Íslendingar verja 13% heildarútgjalda sinna til kaupa á matvörum en meðaltal ESB-ríkja er tæp 14%.

Tölur Eurostat sýna hlutfall matvælakostnaðar í neyslu íbúa í 32 löndum í Evrópu. Evrusvæðið í heild er með hærra hlutfall útgjalda til matvælaaupa en Ísland sem er í 24. sæti á listanum, í flokki með Kýpur og Hollandi. Þessar tölur stangast á við fullyrðingar um hlutfallslega hátt matvælaverð á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd.

Íslendingar verja lægri hluta útgjalda sinna til matvælaaupa en Finnar, Svíar og Norðmenn.



Útgjöld neytenda til kaupa á íslenskum búvörum, án grænmetis, eru um 5,4% heildarútgjalda. Allt grænmeti, bæði innflutt og innlent, er 0,8% af heildarútgjöldum.

Hlutfall matvælakostnaðar*

Kostnaðarhlutfall	%
ESB - samtals	14,0
Rúmenía***	30,4
Litháen***	23,1
Kýpur**	22,3
Lettland***	21,8
Króatía	21,6
Eistland**	19,8
Búlgaría***	18,9
Pólland**	18,1
Portúgal**	18,0
Ungverjaland***	17,3
Spánn**	17,3
Grikkland**	16,7
Slóvakía**	16,4
Tékkland***	15,9
Slóvenía**	15,7
Ítalía**	15,7
Belgía**	15,4
Frakkland**	15,0
Malta**	14,9
Finnland**	14,5
ESB - Evrusvæðið	14,0
Evrópska efnahagssvæðið	14,0
Svíþjóð***	13,9
Noregur	13,3
Kýpur**	13,3
Ísland	13,0
Holland**	13,0
Danmörk***	12,4
Írland**	11,4
Þýskaland**	10,6
Austurríki**	10,1
Sviss	9,6
Stóra-Bretland***	9,3
Lúxemborg**	8,9

* Hlutfall af neyslu án húsnæðiskostnaðar

** Evruríkin

*** ESB-ríki án evru

Heimild: Eurostat, 2013.

11 Íslandi er betur borgið utan ESB



Bændasamtökin hafa ítrekað andstöðu sína við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og telja að hagsmunum landsins sé betur borgið utan ESB. Þessa skoðun hafa Bændasamtökin myndað sér í kjölfar rannsókna á áhrifum þess ef Ísland gengi í ESB. Ítarlegan rökstuðning fyrir afstöðu bændna má finna á vefsíðu Bændasamtakanna, bondi.is, og í ýmsu útgefnu efni.

12 Tollar og íslenskur landbúnaður

Stuðningur við íslenskan landbúnað byggir annars vegar á greiðslum úr ríkissjóði og hins vegar tollvernd.

Tollar eru liður í opinberri stefnu stjórnvalda gagnvart innlendum landbúnaði. Þeir eru lagðir á til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu gagnvart erlendri framleiðslu. Fjölmargar landbúnaðarvörur eru fluttar

inn án tolla. Þetta á t.d. við um hveiti, kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíur, ávexti og sumar tegundir grænmetis.

Tollvernd er mjög mikilvæg og er ein af meginstöðum innlendrar matvælaframleiðslu. Það væri erfitt fyrir íslenska búvöruframleiðendur að keppa við ódýrar innfluttar vörur af misjöfnum gæðum ef tollar kæmu ekki til. Verndin sem tollarnir veita innlendri framleiðslu gera okkur kleift að skapa þúsundir starfa um allt land.

Um allan heim tíðkast að ríki verndi og styðji innlenda matvælaframleiðslu. Rökin að baki eru einkum þau að talið er mikilvægt að tryggja framleiðslu matvæla í viðkomandi löndum. Sem dæmi beita Evrópusambandið, Bandaríkin, Sviss og Noregur öll tollum til að hafa áhrif á viðskipti með búvörur og verð á innanlandsmarkaði.

Fræðslubækling um tolla og landbúnað má nálgast á vefnum **bondi.is**.

13 Fæðuöryggi



Það er hverri þjóð nauðsyn að reka öflugan landbúnað. Nýjar áskoranir blasa við matvælaframleiðendum um allan heim sem þurfa að bregðast við aukinni eftirspurn eftir mat.

Aukin velmegun, þverrandi olíulindir, skortur á vatni, fólksflutningar í borgir og fjölmennari millistétt í Kína og Indlandi kalla á nýjar lausnir í matvælaframleiðslu. Þjóðir sem áður höfðu lítinn kaupmátt gera nú kröfur um prótein- og fituríkt fæði eins og vestræn samfélög. Þessi þróun mun breyta heimsviðskiptum með mat til frambúðar.

Vaxandi eftirspurn eftir eldsneyti og minna framboð af olíu hefur leitt til aukinnar sóknar í lífildsneyti og

endurnýjanlega orkugjafa. Þessi þróun hefur hækkandi áhrif á matvælaverð, þar sem uppskera bændna er notuð til orkuframleiðslu. Hækkandi verð á olíu mun ýta undir framleiðslu olíujurta og leiða til aukinnar samkeppni við matvælaframleiðslu.

Allar þjóðir heimsins þurfa að hlúa að eigin matvælaframleiðslu. Þær verða að hafa frelsi til þess að verja hagsmuni sína og þróa þá landbúnaðarstefnu sem hentar í hverjum heimshluta.

Markmiðið er að standa vörð um fæðuöryggi og búa svo um hnútana að hægt sé að framleiða mat fyrir alla heimsbyggðina. Íslendingar búa vel með allt sitt hreina vatn og gott ræktanlegt land. Þetta eru auðlindir sem þjóðinni ber að nýta og fara vel með.

14 Byggðamál

Það er staðreynd að ýmis grunnþjónusta í dreifbýli hefur minnkað síðustu ár. Bændasamtökin hafa ítrekað vakið máls á því að bæta þurfi úr þeim ójöfnuði sem íbúar dreifbýlis búa við. Viðhaldi og þjónustu vega í dreifbýli er ábótavant, fjarskipti eru víða ekki í lagi og útsendingar Ríkisútvarpsins nást ekki um allt land. Þó að netaðgengi hafi batnað undanfarin misseri er mikilvægt að ljósleiðaravæða sveitirnar svo að landsmenn sitji allir við sama borð.

Dreifikerfi raforku þarf að bæta með tilliti til gæða rafmagns og afhendingaröryggis. Brýn nauðsyn er að tryggja að varaafli sé tiltækt þegar á þarf að halda, svo sem í óveðrum og öðrum náttúruhamförum. Hraða þarf uppbyggingu þriggja fasa rafmagns á landsbyggðinni.

15 Innflutningur á hráu, ófrosnu kjöti

Bændasamtökin hafa alla tíð haldið á lofti sterkum rökum sem mæla gegn innflutningi á hráu kjöti. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, gaf nýlega út bráðabirgðaniðurstöðu um að íslensk stjórnvöld hefðu ekki sýnt með nægilega sterkum rökum fram á nauðsyn þess að banna innflutning á fersku og ófrystu kjöti og dýraafurðum.

Vísindamenn hafa bent á að staða sjúkdóma í íslenskum búfjárstofnum sé í mörgu tilliti einstök og verðmæti sem beri að verja með öllum tiltækum ráðum. Ýmis sýkingarhætta sé fyrir hendi ef flutt sé inn hrátt, ófrosið kjöt og geti ógnað heilbrigði dýra og manna.

Tölur sýna að notkun sýklalyfja gegn sjúkdómum sem herja á dýr og menn er mun minni hér á landi en í mörgum nágrannalöndum.

16 Bætum kjörin

Bændur hafa glímt við afleiðingar efnahagshrunsins eins og aðrir landsmenn. Á Búnaðarþingi 2013 var samþykkt ályktun um fjármál bænda þar sem þingið átalði harðlega seinagang við lausnir á skuldamálum þeirra. Þingið telur nauðsynlegt að horfa til framtíðar og ljúka úrvinnslu mála sem tengjast efnahagshruninu svo að endurreisn geti hafist

af krafti. Sá seinagangur sem verið hefur á lausnum skuldamála og lagfæringum á stökkbreyttum lánnum fjölskyldna og fyrirtækja hefur komið í veg fyrir nauðsynlegar ákvarðanir um uppbyggingu og atvinnusköpun til framtíðar.

Búnaðarþing taldi jafnframt nauðsynlegt að kannaðir yrðu nýir lánamöguleikar í landbúnaði

til að styðja við nýliðun, nýsköpun og framþróun innan greinarinnar.

Flest aðföng sem notuð eru í landbúnaði hafa hækkað mikið í verði undanfarin ár. Ástæðan er gengishrun íslensku krónunnar og hækkunar á hrávörumörkuðum um allan heim. Þessi þróun hefur gert bændum erfitt fyrir í rekstri sínum þrátt fyrir mikla hagræðingu síðustu ár.

17 Nýsköpun og þróun

Þekking, reynsla, sérhæfing og fagmennska er búmannsháttur 21. aldar. Uppbygging landbúnaðarháskóla er bændum mikilvæg og grunnur að því að byggja atvinnugreinina upp til framtíðar. Nýjar búgreinar og fjölbreyttar áskoranir krefjast aukinnar þekkingar, rannsókna og þróunar. Orkuvinnsla á bújörðum, stóraukin kornækt og heimaframleiðsla fódurs, bætt nýting framleiðsluþátta og stöðugar tækniframfarir eru meðal viðfangsefna morgundagsins.

18 Framtíðarsýn

Það er verkefni bænda að framleiða búvörur og veita margs konar þjónustu. Íslenskur landbúnaður sér landsmönnum fyrir góðum og hollum mat allt árið um kring. Mikil tækifæri leynast innan landbúnaðarins og hlutverk hans mun vaxa á komandi árum. Við eigum mikið land, hreint vatn, duglega bændur og öflug fyrirtæki. Leggja þarf áherslu á að fjölga störfum í landbúnaði og að virðisauki framleiðslunnar komi sveitunum til góða. Íslenskir bændur vilja stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði og nýta auðlindir landsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Landbúnaðurinn á framtíðina fyrir sér.



Útgefandi: Bændasamtök Íslands, apríl 2013.

Umsjón: Tjörvi Bjarnason.

Umbrot: Hörður Kristbjörnsson.

Prentun: Prentmet ehf.